

# Yfirlit yfir menningarstarf Kópavogsbæjar



Menningarstarf á vegum Kópavogsbæjar var mjög öflugt á árinu 2015. Ný menningarstefna var samþykkt og tók starfsemin mið af nýjum áherslum sem fram komu þar.

## Inngangur

Ný menningarstefna fyrir Kópavogsbæ var samþykkt vorið 2015 í lista- og menningarráði og síðan í bæjarstjórn og leysti hún þar með af hólmi eldri stefnu frá árinu 2006. Stefnan var unnin í víðtæku samráði við starfsmenn menningarhúsa og marga þá aðra sem hafa með einum eða öðrum hætti komið að lista- og menningarstarfi í bænum á liðnum árum. Vinnuferlinu lauk með stórum stefnumótunarfundi þar sem mættu hátt í hundrað manns, m.a. bæjarfulltrúar, starfsmenn menningarhúsa, lista- og menningarráð, fulltrúar skóla, kóra, hverfaráða, myndlistarmanna og fleiri aðila.

Með nýrri menningarstefnu er verið að skerpa sýn og hlutverk menningarstarfs í bænum, stuðla að markvissari ákvörðunum og betri nýtingu fjármagns. Í henni er m.a. lögð áhersla á aukinn sýnileika, meira samstarf, skipulagða menningarfræðslu og betri nýtingu þeirra tækifæra sem felast í nálægð ólíkra menningarhúsa í Kópavogi.

Stefnumótunin mótaði starfsárið að miklu leyti þar sem m.a. var leitast við að kortleggja styrkleika og veikleika menningarstarfsins, draga fram sérstöðuna, efla samstarf menningarhúsanna, fjölga sameiginlegum viðburðum og gera starfið sýnilegra. Fyrstu skrefin voru tekin í þá átt að stórefla sameiginlega menningarfræðslu m.a. með því að skipuleggja markvissar heimsóknir skólabarna í tvö til þrjú menningarhús í einni og sömu ferðinni. Vonir standa til að hægt verði að gera enn betur á næsta ári enda eru heimsóknir í söfn og menningarhús mikilvægur liður í menntun barna og ungmenna.

Ný listahátíð, Cycle – Art and Music Festival, leit dagsins ljós í Kópavogi en með henni voru nýtt vel þau tækifæri sem felast í nálægð menningarhúsanna og þar með ólíkra listgreina og fræða. Þetta er tilraunakennd hátíð sem lífgar upp á bæjarlífið. Viðburðir voru alls 37 auk myndlistarsýningar í Gerðarsafni en viðburðir eða sýningar fóru einnig fram í Salnum, Náttúrufræðistofu Kópavogs, Bókasafni Kópavogs, Gamla Kópavogsbænum, Hælinu og á Hamraborgarbrúnni. Vonast er til að hátíðin verði árleg og stefnt að því að hún fari fram í Kópavogi í október á næsta ári. Hátíðin er styrkt af Kópavogsbæ en einnig af fjölmörgum öðrum aðilum, innlendum sem erlendum.

Aðventuhátíðin var á árinu færð yfir á túnið við menningarhúsin en áður hafði hún farið fram á Hálsatorgi. Með breytingunum er verið að færa hátíðina í barnvænna og hlýlegra umhverfi í skjóli menningarhúsanna og um leið er þess freistað að kynna starf húsanna betur fyrir bæjarbúum. Vel tókst til en auk hefðbundinnar dagskrár, tendrunar jólaljósá með tilheyrandi skemmtiatriðum, jólasveinum, ræðuhöldum og lúðrablæstri, var skipulögð fjölskyldudagskrá í menningarhúsunum, svo sem listsmiðjur, upplestur og tónleikar fyrir gesti og gangandi, bæði á laugardegi og

sunnudegi. Jólahús, þar sem seldur var ýmis gómsætur varningur, matur og gjafavörur, voru sett upp á miðju túni í tilefni aðventuhátíðarinnar og Garðskálinn, nýr veitingastaður í Gerðarsafni, var opnaður formlega. Gestir aðventuhátíðarinnar virtust ánægðir með þessar breytingar og tókst að skapa notalega bæjarstemningu. Skipulagðir menningarviðburðir svo sem tónleikar, list- og matarsmiðjur voru í boði í húsunum alla aðventuna og voru þeir vel sóttir og vinsælir.

Upptalningin hér að ofan er einungis brotabrot af því menningarstarfi sem haldið er úti á vegum Listhúss Kópavogs og menningarhúsa bæjarins allan ársins hring en af fleiri sameiginlegum viðburðum má nefna ljóðahátíð og ljóðasamkeppni, Safnanótt, barnamenningarhátíðina Ormadaga og þátttöku í kvikmyndahátíðinni RIFF. Ótaldar eru einnig fjölmargar sýningar, fræðsla og viðburðir og önnur sú þjónusta og starfsemi sem í boði er í menningarhúsunum en hundruð gesta sækja þau heim á degi hverjum. Langflestir koma í Bókasafn Kópavogs eða um sjö hundruð gestir á dag.

Fleiri sameiginleg verkefni eru í burðarliðnum og má nefna skipulagða fjölskyldudaga, en einnig er unnið að því að styrkja ýmsa þætti, svo sem markaðssetningu og kynningarmál, miðlun safnkosts Náttúrufræðistofu, innra rými bókasafnsins og útisvæðið við menningarhúsin, en allt þetta miðar að því að menningarhúsin verði sýnilegri, meira aðlaðandi og umfram allt eftirsóttur áningarstaður og kjarni við Hamraborg, hinn gamla miðbæ Kópavogs.

Því má svo bæta við að fjöldi styrkja var veittur úr lista- og menningarsjóði Kópavogs á árinu til einstaklinga og hópa en tilgangur sjóðsins er að efla grasrótastarf og auðga þar með enn frekar menningarlíf bæjarins. Lista- og menningarráð fer yfir umsóknir og ákveður úthlutanir í samræmi við reglur sjóðsins og menningarstefnu bæjarins.

Þetta er í fyrsta sinn sem heildaryfirlit er gefið út um menningarstarf á vegum bæjarins undir hatti Listhúss Kópavogsbæjar og lista- og menningarráðs og er ætlunin að slíkt yfirlit komi út undir lok árs á ári hverju.



## Listhús Kópavogsbæjar

Starfsemi menningarhúsa bæjarins, sameiginlegir viðburðir, styrkúthlutanir, markaðs- og kynningarmál og fleira er undir einum hatti sem nefndur er Listhús Kópavogsbæjar, en Listhúsið tilheyrir stjórnarsýslusviði bæjarins. Hlutverk Listhúss og þar með forstöðumanns þess er að fylgja eftir menningarstefnu bæjarins í samráði við lista- og menningarráð og gera tillögur að aðgerðaáætlun og þeim breytingum sem nauðsynlegar eru til að hægt verði að framfylgja stefnunni sem best.

Forstöðumaður Listhúss hefur umsjón og rekstrareftirlit með starfsemi allra menningarhúsa bæjarins, þ.e. Salarins, Tónlistarsafns Íslands, Gerðarsafns, Náttúrufræðistofu Kópavogs, Bókasafns Kópavogs og Héraðsskjalasafns Kópavogs. Forstöðumaður leiðir samvinnu og samhæfingu menningarhúsa, hefur yfirumsjón með sameiginlegum viðburðum, sameiginlegri menningarfræðslu, markaðssetningu og kynningu. Yfir hverju menningarhúsi eru forstöðumenn eða listrænir stjórnendur sem bera ábyrgð á faglegu starfi og daglegum rekstri gagnvart Listhúsinu og vinna náið með forstöðumanni þess.

Lista- og menningarráð fer með og mótar menningarstefnu bæjarins og endurskoðar og samþykkir á hverju ári aðgerðaáætlun stefnunnar fyrir komandi ár. Ráðið er kosið af bæjarstjórn í upphafi kjörtímabil og veitir það Listhúsi og bæjarráði faglega ráðgjöf í málaflokknum. Ráðið sér jafnframt um útnefningu heiðurslistamanns og bæjarlistamanns og úthlutar styrkjum úr lista- og menningarsjóði samkvæmt þeim reglum sem það hefur sett sér og samþykktar hafa verið í bæjarstjórn.

## **Stjórnendur**

Forstöðumaður Listhúss: Arna Schram

Forstöðumaður Salarins: Aino Freyja Jarvela

Forstöðumaður Náttúrufræðistofu: Finnur Ingimarsson

Forstöðumaður Héraðsskjalasafns: Hrafn Sveinbjarnarson

Forstöðumaður Bókasafns Kópavogs. Lísa Z. Valdimarsdóttir

Forstöðumaður Tónlistarsafns Íslands: Bjarki Sveinbjörnsson

Listrænn stjórnandi Gerðarsafns: Kristín Dagmar Jóhannesdóttir.

Hjá menningarhúsunum starfa yfir 40 manns.

## **Lista- og menningarráð (skipað 2013)**

Karen E. Halldórsdóttir, formaður

Auður Sigrúnardóttir, varaformaður

Sigurður Sigurbjörnsson

Hannes Friðbjarnarson

Björg Baldursdóttir

## **Áheyrnarfulltrúi**

Puríður Backman

## **Varamenn**

Magdalena Anna Torfadóttir

Pórður Gunnarsson

Bergþór Skúlason

Hafsteinn Karlsson

Birtna Björnsdóttir

## **Varamaður áheyrnarfulltrúa**

Einar Ólafsson

Fjöldi funda á árinu: Alls 17.

## **Nýir áfangar**

### **Menningarstefna**

Ný menningarstefna Kópavogsbæjar var samþykkt einróma á fundi bæjarstjórnar 12. maí 2015 og nær hún til alls lista- og menningarstarfs sem haldið er úti á vegum bæjarins undir hatti Listhúss Kópavogsbæjar og menningarhúsa þess. Áður hafði farið fram mikið undirbúningsstarf með greiningarvinnu, vinnufundum og að lokum

heildarstefnumótunarfundi sem hátt í hundrað manns sóttu, svo sem lista- og menningarráð, bæjarfulltrúar, starfsmenn menningarhúsa, fulltrúar kóra, hverfaráða, listamanna, eldri borgara, leikfélaga, Kópavogskirkju og tónlistarskóla, svo dæmi séu nefnd. Þannig var leitast við að kalla eftir sjónarmiðum frá breiðum hópi fólks.

Í stefnunni segir meðal annars að tilgangur menningarstarfs sé að auka lífsgæði bæjarbúa, styrkja bæjarbrag og laða að nýja íbúa og aðra gesti, innlenda jafnt sem erlenda. Stefnunni er skipt upp í nokkur markmið sem fjalla m.a. um að auka sýnileika starfsins, að nýta betur tækifærin sem felast í nálægð menningarhúsanna, að styrkja nánasta umhverfi svo sem útivistarsvæðið, að sækja á ný mið, að efla sérstöðu, að eiga gott samstarf við grasrótina og að styrkja sérstöðu einstakra menningarhúsa.

Í framhaldinu var lögð fram aðgerðaáætlun upp úr stefnunni sem m.a. var unnin upp úr niðurstöðum vinnufundar starfsmanna menningarhúsanna um sumarið. Í henni er m.a. lögð áhersla á að sinna betur en áður nærsamfélaginu, með skipulagðari menningarfræðslu, fleiri sameiginlegum viðburðum, fjölskuldudögum eða þemadögum og margmiðlunarvæðingu náttúrugripasafnsins. Hugmyndin er að aðgerðaáætlunin verði eins konar leiðarvísir í starfinu framundan þar sem verkefnum er forgangsraðað með hliðsjón af því fjármagni sem er til ráðstöfunar.

Framboð af afþreyingu og menningartengdu efni er mjög mikið og því er mikilvægt að Kópavogsbær einblíni á stykleika sína í menningarstarfinu og þar með á það sem bærinn getur gert betur en aðrir. Þannig styrkir bærinn sérstöðu sína. Fjármunir eru hins vegar takmarkaðir og því þarf að forgangsraða með það að leiðarljósi að betra sé að gera fáa hluti vel en marga sæmilega.



## Aðventuhátíð við menningarhúsin

Á árinu var unnið að því að efla sameiginlega viðburði og gera starfið sýnilegra en í þeim tilgangi m.a. var samþykkt að færa aðventuhátíð bæjarins alfarið yfir á túnið við menningarhúsin. Það þýðir að ljósín á jólatrénu voru tendruð við hátíðlega athöfn við menningarhúsin, jólahúsin sem árið áður voru á tveimur stöðum voru nú öll saman á svæðinu og menningarhúsin efldu dagskrá sína þessa fyrstu aðventuhelgi.

Markaðsstofa Kópavogs sá um handverksmarkaðinn, líkt og árin áður, en að þessu sinni fór hann fram á fyrstu hæð Gerðarsafns. Fjölbreytt dagskrá var í boði í menningarhúsunum á aðventuhátíðinni og fram að jólum var eitthvað um að vera í hverri viku, svo sem jólaföndur, lista- og matarsmiðjur, tónleikar, upplestur og heimsókn jólakattarins.



## Ný listahátíð, CYCLE

Í þeirri viðleitni að efla sérstöðu og gera menningarstarfið í Kópavogi sýnilegra var fengin í Kópavog ný listahátíð, CYCLE, en undirbúningur að hátíðinni stóð yfir í rúmt ár eða frá ársbyrjun 2014. Listrænir stjórnendur hátíðarinnar eru Guðný Guðmundsdóttir, Tinna Þorsteinsdóttir og Fjóla Dögg Sverrisdóttir. Fjölmargir starfsmenn Kópavogsbæjar komu einnig að undirbúningi hátíðarinnar, og þar með starfsmenn og forstöðumenn menningarhúsanna en flestir viðburðir fóru fram í Gerðarsafni, þar sem sett var upp sýningin NEW RELEASE undir sýningarstjórn

Nadim Samman. Sú sýning stóð yfir til 11. október. Um hundrað listamenn, innlendir sem erlendir, voru með verk á hátíðinni; Ólafur Elíasson, Christina Kubisch, Páll Ragnar Pálsson og fjölmargir fleiri. Í upphafi árs 2016 var hátíðin tilnefnd til tvennra menningarverðlauna.

Hátíðin var styrkt með framlagi úr lista- og menningarsjóði en einnig hlaut hún aðra styrki frá innlendum og erlendum aðilum. Til stendur að halda samstarfinu áfram og fer hátíðin næst fram í Kópavogi í október 2016. Jafnframt er unnið að undirbúningi annarrar nýrrar hátíðar sem mun bera heitið Óperudagar í Kópavogi. Hún er sömuleiðis liður í því að skapa eitthvað sem enginn annar er að gera, færa listina út til almennings og gefa ungu listafólki tækifæri og vettvang til að spreyta sig. Stefnt er að því að hún fari fram í byrjun júní 2016 og er hún til að byrja með tilraunaverkefni en ef vel tekst til verður skoðað hvort framhald verði á.



## **Skipulagt samstarf um barna- og unglungafræðslu**

Mikil áhersla er lögð á menningarfræðslu fyrir börn og ungmenni í menningarstefnu bæjarins og um vorið var skipulögð metnaðarfull dagskrá fyrir skólabörn sem tengdi saman öll menningarhúsin og nýtti þar með þá nálægð sem þau bjóða. Leikurinn var endurtekinn um haustið og var öllum nemendum í fjórða, sjötta og níunda bekk boðið að koma í skipulagðar heimsóknir yfir veturinn í tvö til þrjú menningarhús í einni og sömu ferðinni. Þetta er umfangsmesta heimsóknarverkefni sem sett hefur verið saman af menningarhúsum bæjarins fram til þessa. Um svipað leyti var haldinn kynningarfundur um starf menningarhúsa bæjarins fyrir skólasamfélagið og fór sú kynning fram í anddyri Salarins. Var menningarhúsum í Garðabæ, Hafnarfirði og Mosfellsbæ boðið að taka þátt og er þetta fyrsti vísir að nánara samstarfi þessara aðila í menningarfræðslu. Vonir standa einnig til að hægt verði að efla enn frekar skipulagða menningarfræðslu í Kópavogi á næstu misserum en í upphafi ársins 2016 verður auglýst ný staða verkefnastjóra menningarfræðslu sem ætlað er að skipuleggja skólaheimsóknir fyrir öll börn í Kópavogi, fjölskyldudaga, barnamenningarhátíð og margt fleira.



## **Margmiðlunarvæðing safnkosts**

Í stefnumótunarvinnunni var af hálfu stjórnenda bæjarins m.a. unnin greining á styrkleikum og veikleikum menningarstarfs í Kópavogi og í kjölfarið var ákveðið að Náttúrufræðistofa myndi sækja um styrk til Safnaráðs til að kanna möguleika á því að efla náttúrugripasafn stofunnar með margmiðlunarvæðingu. Náttúrugripasafnið í Kópavogi er eina safn sinnar tegundar á höfuðborgarsvæðinu sem opið er almenningi. Í því felast tækifæri sem hægt væri að nýta mun betur og ná þar með að

fjölga gestum, innlendum sem erlendum, og efla sérstöðu og jafnvel tekjugrundvöll. Í lok sumars var gerður samningur við GAGARÍN sem kynnti tillögur sínar að margmiðlunarvæðingu safnkostsins á haustdögum. Unnið er að fjármögnun verkefnisins með það í huga að margmiðlunarvæða safnið í skrefum á næstu árum.



## Útivistarsvæði

Í menningarstefnunni er lögð áhersla á að næsta nágrenni og umhverfi menningarhúsanna styðji við starfsemina og sé aðlaðandi og því var fenginn upplifunarhönnuður til að gera tilraunir með útivistarsvæðið á milli menningarhúsanna. Í staðinn fyrir bílastæði sem skyggði á útsýni á milli menningarhúsanna og brotna og ljóta kantsteina voru settar takmarkanir á bílaumferð og þróað útivistarsvæði með leiktækjum, blómapottum, bekkjum og listaverkum.

Fjöldi barna og foreldra nýtti sér leiktækin um sumarið og ungir sem aldnir nutu þess að hvíla lúin bein á bekkjunum á góðviðrisdögum. Mikilvægt er að leggja áherslu á að útivistarsvæðið er enn í þróun og standa vonir til að hægt verði að skipuleggja það enn frekar á næstu árum, m.a. með runnum meðfram svæðinu, skautasvelli, ljósaverkum og fleiru. Hugmyndirnar eru óþrjótandi.

Almenn ánægja virðist hafa verið með breytingarnar á útivistarsvæðinu í sumar en einhverjar kvartanir bárust vegna þess að fötluðum var einungis heimilt að leggja bíl á

milli húsanna en ekki öðrum. Á það hefur hins vegar verið bent að fjöldi ókeypis bílastæða er í bílastæðahúsi handan götunnar sem og vestan Gerðarsafns en ljóst er að enn þarf að bæta merkingar á þeim bílastæðum svo gestir átti sig betur á því að nóg er af bílastæðum í nágrenninu.



### **Veitingastaður í Gerðarsafni**

Til að stuðla að líflegra umhverfi og laða að fleiri gesti í menningarhúsin var um vorið auglýst eftir aðilum til að taka að sér rekstur veitingastaðar í Gerðarsafni.

Kópavogsbær rak áður kaffihús á fyrstu hæð safnsins en reksturinn var lagður niður fyrir nokkrum árum enda varla hlutverk bæjarins að standa í slíkum rekstri. Síðla

sumars var gengið frá samkomulagi við matreiðslumann og innanhússhönnuð um rekstur staðarins, þau Ægi Friðriksson og Írisi Ágústsdóttur.

Ljóst var að gera þurfti umtalsverðar breytingar á kaffistofunni áður en hægt væri að opna þar veitingasölu að nýju, m.a. vegna krafna frá Heilbrigðiseftirlitinu en margt í eldhúsinu var auk þess orðið gamalt og lúíð. Vinnan við breytingarnar tók lengri tíma en áætlað var í upphafi en fyrstu aðventuhelgina tókst loks að opna veitingastaðinn undir heitinu Garðskálinn í Gerðarsafni.

Garðskálinn er opinn á sama tíma og Gerðarsafn eða frá kl. 11 til 17 alla daga, nema mánudaga þegar safnið er lokað. Stefnt er að því að gera tilraunir með lengri afgreiðslutíma þegar fram í sækir.

## Önnur verkefni

### **Dagar ljóðsins**

Ljóðahátíð kennd við Kópavogsskáldið Jón úr Vör fór venju samkvæmt fram dagana í kringum fæðingarafmæli Jóns 21. janúar. Ákveðið var að efla þessa hátíð og hafa viðburði og uppákomur á fleiri dögum, en þessum eina, undir heitinu: Dagar ljóðsins í Kópavogi. Ljóðum var dreift í menningarhúsunum og víðar, svo sem í strætó og í sundlaugum bæjarins og ljóðabækur dregnar fram í Bókasafni Kópavogs. Miðpunktur hátíðarinnar var verðlaunaafhending í ljóðsamkeppninni Ljóðstafur Jóns úr Vör og í ljóðsamkeppni grunnskóla Kópavogs. Yfir 300 ljóð bárust í fyrri samkeppnina en í dómnefnd sátu þau Sindri Freysson og Gunnþórunn Guðmundsdóttir. Þórdís Björnsdóttir sagði sig úr nefndinni af persónulegum ástæðum. Ekkert ljóð hlaut náð fyrir augum dómefndar og þar með var ákveðið að enginn hlyti ljóðstaf Jóns úr Vör á árinu. Þess í stað var ákveðið að tvöfalda verðlaunaféð að ári. Þrettán börn úr grunnskólum Kópavogs voru hins vegar verðlaunuð fyrir sín ljóð og var þar í efsta sæti Unnur Hlíf Rúnarsdóttir, nemandi Vatnsendaskóla.

### **Bæjarlistamaður valinn og heiðurslistamaður**

Lista- og menningarráð útnefndi Ragnar Th. Sigurðsson, ljósmyndara og Norðurheimskautsfara, sem heiðurslistamann Kópavogsbæjar í ár og Jón Adolf Steinólfsson myndhöggvara sem bæjarlistamann. Útnefningarnar voru kynntar við hátíðlega athöfn í Gamla Kópavogsbænum undir lok sumars.

Þetta er í annað sinn sem ráðið útnefnir hvort tveggja heiðurslistamann og bæjarlistamann. Tilgangurinn er að varpa ljósi á þá fjölmörgu og hæfileikaríku listamenn sem búa í Kópavogi og hafa átt þátt í því að auðga menningarlíf bæjarins í gegnum tíðina.

Jón Adolf fékk einnar milljónar króna styrk og mun í vetur kenna grunnskólanemum í Kópavogi útskurð og jákvæða hugsun. Stefnt er að því að afrakstur þeirrar vinnu verði sýndur vorið 2016 með sýningu í Gamla Kópavogsbænum.

## **Safnanótt**

Safnanótt sem fram fór í menningarhúsum bæjarins í byrjun febrúar var mjög vel sótt, líkt og undanfarin ár, en á Safnanótt er opið til miðnættis í öllum söfnum á höfuðborgarsvæðinu. Tilgangurinn er að vekja athygli á því fjölbreytta og áhugaverða starfi sem fram fer í söfnunum allan ársins hring.

Yfir þúsund manns komu í menningarhúsin í Kópavogi þetta kvöld þrátt fyrir að veðrið væri með versta móti og voru gestir á öllum aldri. Gestir flakka á milli menningarhúsanna enda stutt á milli þeirra. Dagskráin var fjölbreytt og má þar t.d. nefna upplestur, listasmiðjur og fræðslu.

Menningarhúsin í Kópavogi líta á Safnanótt sem einstakt tækifæri til að kynna starfsemi sína og hefur sú venja skapast undanfarin ár að senda dagskrá Safnanætur í öll hús í Kópavogi. Til stendur að dreifa bæklingnum á mun fleiri staði á næsta ári og er einkum horft til þeirra hverfa í Reykjavík sem næst eru Kópavogi.

## **Ormadagar – barnamenningarhátíð í Kópavogi**

Fyrir nokkrum árum var gerður þriggja ára samningur við listamanninn og flautuleikarann Pamelu De Sensi um að hún héldi utan um barnamenningarhátíð á vorin undir heitinu Ormadagar. Hátíðin er haldin í samstarfi Pamelu og menningarhúsa bæjarins og er verkefnið fjármagnað með styrk úr lista- og menningarsjóði. Kópavogsbær hefur einnig lagt til aðstoð við kynningu á hátíðinni. Ormadögum lýkur á barnamenningarmessu í Kópavogskirkju.

Ormadagarnir hefjast með skipulögðum heimsóknnum leik- og grunnskólabarna í öll menningarhús bæjarins þar sem þau fara m.a. á söngtónleika í Salnum, fá fræðslu um orma í Náttúrufræðistofu, hlusta á ormaævintýri í Bókasafni Kópavogs og fara á listasmiðju í Gerðarsafni. Ormadagarnir enda á uppskeruhátíð á laugardegi þar sem m.a. hefur verið boðið upp á tónleika, fræðslu, listasmiðjur og fleira.

Samningur bæjarins og Pamelu De Sensi rennur út á árinu 2016 en þá stendur til að endurskoða samstarfið og fara yfir hvort og þá hvernig megi efla barnamenningarhátíð í bænum. Ormadagar hafa verið vel sóttir af leikskólahópum en líta þarf til þess að þróa dagskrá sem höfði betur til eldri barna.

## **Menningardagur 16. maí**

Menningarhúsin í Kópavogi hafa undanfarin ár staðið fyrir menningarhátíð í Kópavogi undir heitinu Kópavogsdagar. Hugmyndin er sú að þetta sé eins konar uppskeruhátíð. Viðburðir á hátíðinni hafa verið fjölbreyttir og hún auglýst vel í fjölmiðlum og með kynningarefni en þrátt fyrir það hafa Kópavogsdagar ekki náð flugi síðustu ár. Í upphafi árs 2015 var því ákveðið að gera tilraunir með þessa hátíð og hafa hana á einum degi 16. maí og voru metnaðarfullir menningarviðburðir fyrir alla aldurshópa í boði í menningarhúsunum þann dag. Má m.a. nefna nýja skemmtidagskrá í Salnum undir heitinu Kóp City Bitch. Myndlistarmenn í Auðbrekku og nágrenni tóku einnig þátt í deginum og opnuðu vinnustofur sínar upp á gátt. Ekki tókst þó að hífa upp aðsóknina og er því áfram unnið að því að þróa menningarhátíð áfram þannig að hún marki sér meiri sérstöðu en hingað til.

## **RIFF – kvikmyndahátíð**

Samstarfið við alþjóðlegu kvikmyndahátíðina RIFF hélt áfram á árinu með fjölbreyttri kvikmyndadagskrá í Salnum, Gerðarsafni og í Bókasafni Kópavogs en einnig voru viðburðir í Sundlaug Kópavogs og í Molanum, ungmennahúsi. Þegar lista- og menningarráð ákvað að veita fjármuni til hátíðarinnar fyrst haustið 2014 og síðar haustið 2015 fylgdu því fyrir mæli um að dagskrá hátíðarinnar í bænum yrði fyrst og fremst í menningarhúsum bæjarins en með því mætti efla fjölbreytni í starfi þeirra og draga fram þá frábæru aðstöðu sem þar væri að finna til menningar og lista. Í upphafi árs 2016 var ákveðið að vera ekki með á RIFF-hátíðinni 2016 enda væri verið að gera ýmsar breytingar í menningarstarfinu á árinu og forgangsraða fjármunum með tilliti til þess.

## **Nýjar og endurskoðaðar reglur**

Lista- og menningarráð endurskoðaði á árinu úthlutunarreglur úr lista- og menningarsjóði, m.a. til að skerpa á verklagsreglum um greiðslu styrkja og eftirfylgni. Til dæmis er styrkur ekki að fullu greiddur fyrr en verkefni hefur verið lokið og skýrslu skilað um það. Einnig eru styrkir ekki veittir aftur til sama aðila nema sá hinn sami hafi skilað skýrslu til lista- og menningarráðs um ráðstöfun fyrri styrkja. Rétt er að taka fram að samkvæmt reglunum eiga að renna í sjóðinn 0,5% af 6,7% útsvarsstofni nema annað sé ákveðið samkvæmt fjárhagsáætlun. Þessi upphæð hefur ekki runnið óskert í lista- og menningarsjóð síðustu ár heldur fer hluti hennar til 17. júní hátíðarhaldanna.

Á árinu ákvað lista- og menningarráð einnig að semja reglur fyrir ljóðasamkeppnina Ljóðstafur Jóns úr Vör og ljóðasamkeppni grunnskóla Kópavogs en með þessu vildi ráðið að fyrir lægju formlegar reglur. Í reglunum var m.a. ákveðið að einn aðili í dómnefnd ljóðasamkeppnanna yrði tilnefndur af Rithöfundasambandi Íslands.

## Listi yfir þá sem hlutu styrki á árinu 2015

Um fjörutíu umsóknir bárust yfir allt árið. Eftirtaldir aðilar hlutu styrki:

Félag Wikimedianotenda á Ísland. Styrkur til að halda opin námskeið í samstarfi við Bókasafn Kópavogs: 80.000 kr.

Nafnlaus leikhópurinn. Styrkur vegna leiklesturs á leikritinu Maður og kona: 200.000 kr.

Tónlistarskóli Kópavogs. Styrkur til tónleikahalds: 250.000 kr.

Skólahljómsveit Kópavogs. Styrkur til að semja og flytja trompetkonsert í tilefni 50 ára afmælis skólahljómsveitarinnar: 150.000 kr.

Tónlistarhátíð unga fólksins. Styrkur til að halda árlega hátíð í Kópavogi fyrir ungt tónlistarfólk: 500.000 kr.

Myndlistarfélag Kópavogs. Styrkur til að vera með viðburð á Kópavogsdeginum 16. maí: 250.000 kr.

Elín Dröfn Jónsdóttir. Styrkur til að halda viðburð með frumsaminni tónlist og vídeóverkum í Tónlistarsafni Íslands: 100.000 kr.

Vinir Valda vallarvarðar. Styrkur til að gera lágmynd af Valdimar Kristni Valdimarssyni: 250.000 kr.

Baldvin Snær Hlynsson. Styrkur til að taka upp frumsamda tónlist í stúdíói: 100.000 kr.

Erpur Eyvindarson. Styrkur til að halda útitónleika í Hamraborg: 1,5 milljónir kr. Erpur dró umsókn sína til baka og var boðið að sækja aftur um á nýju ári.

RIFF, alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík. Styrkur til að vera með sérviðburði í menningarhúsum Kópavogsbæjar: 3,5 milljónir kr.

Cycle, tónlistar- og listahátíð. Styrkur til að halda nýja listahátíð í Kópavogi í samstarfi við Gerðarsafn, Salinn, Náttúrufræðistofu Kópavogs og Listhús Kópavogsbæjar: 3,5 milljónir kr.

Björn Thoroddsen. Styrkur til að halda Jazzhátíð í Kópavogi: 1,5 milljónir kr.

Pamela De Sensi. Styrkur til að halda menningarhátíðina Ormadaga í Kópavogi: 1,5 milljónir kr.

Tónleikaröðin Líttu inn í Salinn: 600.000 kr.

Árlegir tónleikar: Mozart við kertaljós: 100.000 kr.

## **Rekstrarstyrki hljóta eftirtaldir**

Kvennakór Kópavogs: 180.000 kr.

Karlakór Kópavogs: 180.000 kr.

Samkór Kópavogs: 180.000 kr.

Söngvinir, kór aldraðra: 180.000 kr.

Ritlistarhópur Kópavogs: 120.000 kr.

Sögufélag Kópavogs: 180.000 kr.

Myndlistarfélag Kópavogs: 180.000 kr.

Leikfélag Kópavogs: 3.190.406 kr.-



**Ábyrgðarmaður og ritstjórn: Arna Schram, forstöðumaður Listhúss Kópavogsbæjar**

**Útgefið 30. janúar 2016**